

# Minnisblað

Viðtakandi: Geir Sveinsson, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Sendandi: Jóhannes Snorrason, Mannvit

Jakob Líndal, Alark

Torfi G. Sigurðsson; Mannvit

Dreifing:

Dagsetning: 05.12.2022

Skjalanúmer: 3881308-000-CMO-0001

## Málefni: Hamarshöllin í Hveragerði

Í þessu minnisblaði er gerð grein fyrir tillögu að endurbyggingu Hamarshallarinnar. Tillagan er niðurstaða hönnunarhóps nýrrar Hamarshallar og ráðgjafa frá Mannviti og Alark að endurbyggingu og framtíðar uppbyggingu Hamarshallarinnar í fjórum áföngum, sem samanstanda í megin atriðum af eftirfarandi:

Áfangi 1: Ný yfirbygging reist á steiptum grunni eldri Hamarshallar, dúkveggur settur upp til að afmarka fótboltahús frá óinnréttaðri fjölnota íþróttaaðstöðu og þjónusturýmum innan nýju yfirbyggingarinnar, og nýtt anddyri reist og fullbúið við norðurhlið Hamarshallarinnar.

Áfangi 2: Innrétting og frágangur á fjölnota íþróttaaðstöðu og þjónusturýmum innan nýrrar yfirbyggingar Hamarshallarinnar. Til upplýsingar mynda áfangi 1 og 2 í sameiningu tillögu sem samsvarar tillögu 7 á meðfylgjandi teikningu Alark nr. F701.

Áfangi 3: Hamarshöllin lengd um 26 metra, fótboltahús að sömu stærð og áður, en innra fyrirkomulag aðlagð að stærri fjölnota íþróttaaðstöðu með áhorfendastúkum.

Áfangi 4: Ný þjónustubygging reist og fullbúin við norðurhlið Hamarshallarinnar.

### Áfangi 1

Tillagan byggist á að framkvæmdir við enduruppbyggingu Hamarshallarinnar hefjist með því að ráðist verði í framkvæmd áfanga 1 og 2, þar sem áfangi 1 verði boðinn út í alútboði án forvals.

Innifalið í alútboðinu verði í megin atriðum eftirfarandi:

- Fullbúið burðarvirki byggt á núverandi steiptum undirstöðum sem verða styrktar eftir þörfum
- Steipt í kringum gryfjur í fimleikasal.
- Frágangur yfirbyggingar utanhúss og innan fullbúinn með hurðum, nýju anddyri og gluggum á norðurhlið.
- Raflýsing fótboltahúss fullbúin.
- Dúkveggur milli fótboltahúss og fjölnota salar fullbúinn.
- Loftræsikerfi með hitun fótboltasalar fullbúið.

Þar sem áfangi 1 er metinn sem tiltölulega einfalt verk, er lagt til að alútboð áfanga 1 verði án forvals (forval er ákveðin aðferð til að velja bjóðendur sem teljast hæfir til verksins), og verði því auglýst sem almennt alútboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.

Í alútboðsskilmálum munu koma fram skilyrði (varðandi starfsréttindi, fjárhagsstöðu, tæknilega og faglega getu, og reynslu) sem bjóðendur þurfa að uppfylla til þess að tilboð þeirra verði tekin gild.

Í útboðsskilmálum mun einnig koma fram lýsing á þeim aðferðum sem beitt verður við mat og samanburð á gildum tilboðum frá bjóðendum.

Á þessu stigi er verið að vinna með eftirfarandi tillögu að dagsetningum fyrir áfanga 1:

Alútboð auglýst: 15.12.2022

Tilboð opnuð: 26.01.2023

Samningur undirritaður: 24.02.2023

Fótboltasalur afhentur verkkaupa til afnota: 23.09.2023

Yfirbygging fullbúin og verkinu að fullu lokið: 02.12.2023



Ofangreindar dagsetningar gætu þurft að breytast, til að ná nauðsynlegri samþættingu greiðsluáætlunar fyrir verkið við samþykktu fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir tímabilið 2023 - 2025.

## Áfangi 2

Innifalið í áfanga 2 verði í megin atriðum eftirfarandi:

- Gólfefni og allur annar frágangur á fjölnota íþróttaaðstöðu.
- Léttir innveggir, milligólf og loft þjónusturýma á tveim hæðum.
- Innrétting á þjónusturýmum.
- Stigi og lyfta milli fyrstu og annarrar hæðar.

Varðandi framkvæmd áfanga 2 geta ýmsar leiðir komið til greina, svo sem:

- a) Að allur frágangur sé utan útboðs og unninn í smærri einingum og að hluta af félagsmönnum í Hamri.
- b) Að áfangi 2 verði boðinn út sem almennt útboð í eini lagi eða í hlutum á grundvelli hefðbundinna útboðsgagna, það er útboðs- og verklýsinga ásamt verkeikningum sem verkkaupi lætur útbúa.
- c) Að áfangi 2 verði boðinn út sem alútboð.

Lagt er til að fyrir verklok áfanga 1 hafi verið teknar ákvarðanir um útboðsleiðir fyrir áfanga 2, og útbúin þau gögn sem nauðsynleg teljast til að hefja undirbúning á framkvæmd við áfanga 2.

## Áfangar 3 og 4

Tímasetning á framkvæmd áfanga 3 og 4 kemur til með að ráðast af framtíðaráætlun Hveragerðisbæjar fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja, og verður því ekki fjallað um í þessu minnisblaði.

Fylgiskjal: Teikning Alark arkitekta ehf nr. F701 dagsett 2022.11.15